

# Um bókmenntaritgerðir

# Áður en hafist er handa

- ▶ Þegar skrifa á bókmenntaritgerð eru oftast nokkur ákveðin atriði sem þarf að fjalla um.
- ▶ Í umfjölluninni hér á eftir verður farið í hvert og eitt atriði og þau skilgreind nánar. Að öðru leyti gilda venjulegar reglur um ritgerðaskrifin sjálf þ.e. uppsetningu textans og byggingu.
- ▶ Bókmenntaritgerðir sem skrifaðar eru í grunnskóla eru oftast nær nokkuð almenn umfjöllun þar sem lögð er áhersla á notkun tiltekinna bókmenntahugtaka fremur en afmörkuð umfjöllun út frá kjarnyrtri efnisyfirlingu.

# Verkefnið mars 2012

- ▶ Verkefni: Þú átt að skrifa bókmenntaritgerð um bók af lista sem þú hefur nú fengið í hendurnar.

# Bókin valin

- ▶ Velja þarf bókina til að byrja með
- ▶ Stundum er valið stýrt þ.e ákveðinn listi sem nemendur hafa úr að velja

# Inngangur

- ▶ Í inngangi þarf að koma fram hvað bókin heitir sem er til umfjöllunar,
- ▶ nafn höfundarins,
- ▶ almenn vitneskja um bókina (sannsöguleg – ekki sannsöguleg) og/eða höfundinn auk
- ▶ efnisyfirlingar ef fara á t.d. í samanburð við aðra bók eða rökstyðja ágæti/galla bókarinnar.

# Kynning / fafla

- ▶ Alltaf þarf að gera ráð fyrir því að lesandinn þekki ekki viðfangsefnið svo að stutt kynning á efni bókarinnar er höfð í upphafi. Söguþráður í stuttu máli er kallaður *fafla*. Hún má ekki vera löng endursögn heldur aðeins tæpt á því helsta í stuttu máli.

# Persónur

- ▶ Persónur skipta langmestu máli í sögum. Út frá þeim lesum við söguna og túlkum atburði.
- ▶ Við áttum okkur yfirleitt á því hvaða persónur eru góðar og hverjar slæmar, hverjar eru aðalpersónur og hverjar aukapersónur.
- ▶ Oftast eru aukapersónur eingöngu til að sýna betur fram á persónueinkenni aðalpersóna og til að koma atburðum á hreyfingu.
- ▶ Til að átta okkur betur á persónum sögu þurfum við ekki bara að treysta lýsingu höfundar heldur verðum við líka að skoða gerðir, hugsanir og framkomu persónunnar við aðrar persónur.
- ▶ Hver er þeirra stétt og staða?
- ▶ Eru persónurnar undirmálsfólk sem húkir neðst í þjóðfélagsstiganum eða eru persónurnar yfirstéttarfólk sem veltir sér í vellystingum á hverjum degi?

# Umhverfi

- ▶ Þegar fjallað er um umhverfi í sögu er ekki nóg að segja aðeins hvar sagan gerist. Það er nauðsynlegt að skoða nánar hvers konar umhverfi persónurnar lifa í.
- ▶ Undirheimaborgin Reykjavík er allt öðruvísi en menningarborgin Reykjavík og gjörólík grænni umhverfisvænni Reykjavík.



# Ytri og innri tími

- ▶ Tími skiptir miklu máli í sögum og sögur geta gerst mjög hratt eða mjög hægt. Sögur geta rakið marga ættliði og þær geta gerst á klukkustund. Ytri tími fjallar um hvenær að okkar tímatali sagan gerist, t.d. sagan gerist 1987 – 1989, sagan gerist í seinni heimstyrjöldinni eða sumarið '69. Innri tími segir hins vegar á hversu löngum tíma sagan gerist. Gerist hún á einni nóttu, spannar hún 40 ár eða nær hún yfir eitt sumar frá skólalokum að skólabyrjun. Ef ekki er hægt að fá tilfinningu fyrir innri tíma verður sagan oft erfið lestrar og hangir í lausu lofti.

# Sjónarhorn

- ▶ Sjónarhorn sýnir afstöðu höfundar. Er hann alvitur þ.e. getur séð hugsanir allra persóna eða er hann fjarlægur (sér ekki hugsanir neinna persóna, lýsir aðeins því sem hann sér miðað við að vera ekki þátttakandi í atburðunum). Höfundur getur einnig verið nálægur og séð aðeins hug einnar persónu. Þá getur hann sagt söguna í þriðju persónu (hann ...) eða í fyrstu persónu (ég ...).

# Ris

- ▶ Talað er um ris í sögum þegar spennan er í hápunkti, aðalatburðirnir eru að gerast og þeir sem setja aðalpersónuna mest í vanda. Rétt á eftir risi verður fall og lausn, þ.e. hvernig vandræðin leysast og sögunni lýkur.

# Lokaorð

- ▶ Lokaorðin eru samantekt á umfjöllun þinni um bókina. Þar má gjarnan koma fram þitt álit á bókinni, t.d. hvað þér líkaði best við hana og hvað þér fannst síst, hverjir kostir hennar og gallar eru og hvaða aldri þér finnst hún henta best. Ekki gleyma að enda ritgerðina á öflugum lokaorðum.

# Staðreyndir um ritgerðina

- ▶ Ritgerðin á að vera a.m.k. 4–5 blaðsíður með öllu
- ▶ Ritgerðin á að hafa inngang með efnisyfirlingu
- ▶ • Meginmál ritgerðarinnar á að vera a.m.k. fjórar efnisgreinar og fjalla um föflu, persónur, umhverfi og tíma
- ▶ • Ritgerðin á að hafa góð lokaorð með þínu álit og niðurstöðu
- ▶ • Ritgerðin á að hafa forsíðu

# Í textavinnunni þarftu að passa eftirfarandi:

- ▶ • Að allar efnisgreinar hafi lykilsetningu, umræðu og niðurstöðu
- ▶ • Að efnisgreinarnar séu tengdar vel saman með tengiorðum eða vísun í fyrri efnisgrein.
- ▶ • Að fara vel yfir textann og henda út því sem þér finnst ekki passa og bæta inn því sem þér finnst vanta.
- ▶ • Að fara vel yfir og leiðrétta stafsetningar- og innsláttarvillur

# Skiladagur

- ▶ Hjá 10 bekk 16. mars 2012
- ▶ Ekki verður tekið við ritgerðum eftir þá dagsetningu